

## Svar við fyrirspurn – Öldungaráð

*Fulltrúi Samfylkingarinnar óskar formlegrar skýringa á því hvers vegna skipan í Öldungaráð hefur dregist sem raun ber vitni. Ráðinu er ætlað að gæta hagsmuna eldri borgara í Hafnarfirði og vera bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum þeirra. Öldungaráðið hefur verið umsagnaradili um fjárhagsáætlun og er brýnt að skipað verði í ráðið áður en lengra verður haldið í fjárhagsáætlunarvinnu fyrir næsta ár.*

Hafnarfjörður var fyrst sveitarfélag til að skipa í Öldungaráð og hefur slíkt ráð verið starfandi frá árinu 2006. Ný og breytt lög um félagsþjónustu sveitarfélaga tóku gildi þann 1. október s.l. Meðal nýmæla er að gert er ráð fyrir því að öldungaráð starfi í hverju sveitarfélagi eða á grundvelli samvinnu milli sveitarfélaga. Öldungaráð taka m.a. við hlutverki sem þjónustuhópum aldraðra hefur fram til þessa verið falið að sinna. Vegna þessara lagabreytinga hefur dregist að skipa í nýtt öldungaráð. Á fundi fjölskylduráðs þann 28. sept. s.l. var rætt að kallað yrði eftir tilnefningum í ráðið og væntanlega verður skipað í nýtt öldungaráð á næsta fundi ráðsins. Þess ber að geta að öldungaráð hafa ekki formlega stöðu innan nefndarkerfis sveitarfélagsins og setur öldungaráð sér starfsreglur um framkvæmd verkefna. Öldungaráðum er fyrst og fremst ætlað að vera formlegur vettvangur fyrir samráð við notendur um öldrunarþjónustu. Einnig er mikilvægt að samráð sé við öldungaráð við gerð fjárhagsáætlunar og er tekið undir að brýnt er að skipað sé í ráðið sem fyrst.

Hafnarfirði, 3. október 2018

Rannveig Einarsdóttir  
sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu.